

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2005.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi dagsett 27. janúar 2000.

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- a) Íbúðarhús hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 10.890 fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeningu kr. 7.260.
- b) Atvinnuhúsnæði pokaening kr. 14.980 fyrir hvern poka.
- c) Öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	<i>Sorpeyðingargjald</i>	<i>Sorphreinsunargjald</i>
1. flokkur	10.440	41.730
2. flokkur	20.880	83.460
3. flokkur	41.750	166.930
4. flokkur	83.500	333.860
5. flokkur	166.990	667.700
6. flokkur	250.490	1.001.560

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Sveitarfélagið Ölfus samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Gjaldskrá er árleg sem hér segir:

Flokkur A (Efni með úrvinnslugjaldi og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér)	
Rúlluplast	0 kr./m ³
Hjólbarðar	0 kr./m ³
Spilliefni	0 kr./m ³
Fernur	0 kr./m ³
Skilagjaldsskyldar umbúðir	0 kr./m ³
Föt	0 kr./m ³
Bílar	Skilagjald samkvæmt reglugerð

Flokkur B (Endurvinnanlegt efni) 8 kr./kg eða 2000 kr./m ³	
Málmar	2000 kr./m ³
Pappír	2000 kr./m ³
Timbur	2000 kr./m ³
Garðaúrgangur	2000 kr./m ³
Veiðarfæri	2000 kr./m ³
Kaðlar	2000 kr./m ³
Flokkur C (Blandað óendurvinnanlegt) 16 kr./kg eða 4000 kr./m ³	
Heimilisúrgangur	4000 kr./m ³
Rekstrarúrgangur	4000 kr./m ³
Byggingarúrgangur	4000 kr./m ³

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 2005.

Ölfusi, 10. janúar 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.